

Hugspekismyndir hæstu frelsissjóna—  
 heiðblámans ljóskvik fjarrst á sólarbraut,—  
 óþektar nótur heilla og hálfra tóna  
 hreifst þú og lagðir mjúkt í Óðs þíns skaut.  
 Greyptir þú, skáld, í gullið söngva þinna  
 gimsteina landsins, sem þú heitast anst.  
 Alt þú oss gafst, sem andinn mátti vinna—  
 alt, sem þú bezt í lífi þínu fanst.

Mun nú ei vestræn menning vilja gjalda  
 mæringi fóstrið: vögg- og æskuljóð?  
 Mun þökkinn geymd til ókominna alda  
 óbornum niðjum? Slíkt er venja góð!  
 Mun heimskan altaf viti sönnu verja  
 vöðin, sem liggja beint til almennings?  
 Mun altaf verða ein vor þjóðlífsferja,  
 alla sem flytur beint til kyrkjupings?

Svari því hver í sínum eigin huga—  
 svippung er von mín, drungi í hverri spá.  
 Sannreyndin stingur sárt sem eiturfluga,  
 sviðinn er þeirra, er vilja hið rétta sjá.—  
 Samt á vort frelsi framtíð ævarandi—  
 Fjallanna mögur! Þar er hástóll þinn.  
 Geisli þíns orðs — þinn ungi, sterki andi  
 á þar á geymslu mestan ljóma sinn.

Þökk sé þér, skáld, þú fjallasvanur fríði,  
 fögnuður vor er líf í þinni sál!  
 Þökk sé þér bóndi, byggðar þinnar prýði,  
 bókvitið þitt er dulspakt reynslu-mál.  
 Þökk æðsta skáld vort austan hafs og vestan!  
 óhræddir ristum vér á söguspjöld:  
 ljóðin þín eiga kyngi-kraftinn mestan  
 kvæðanna þeirra, er semur snælenzk öld.

